

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

Egilsstaðir, 22.10.2024
UST202401-267/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19. september 2024 - Stolt Sea Farm, ID 170

Þann 19. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Stolt Sea Farm. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Gera þarf ráðstafanir til að draga úr losun fosfórs frá rekstrinum því leyfileg losun kemur til með að minnka talsvert þegar nýtt starfsleyfi verður gefið út.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. Ársyfirliti var skilað þann 7. október sl. og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 2.11 í starfsleyfi. Öryggisblöð eru hvorki til staðar þar sem efni eru notuð né geymd.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávíki nr. 2 hér að framan, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur